

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 3-2019

Staður: Hvanneyri

Tími: þriðjudaginn 26. mars 2019, kl. 13:30 – 15:00

Fundinn sátu: Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Guðrún Skúladóttir, Gunnfríður E. Hreiðarsdóttir (í Zoom), Jóhannes Kristjánsson, Hera Sól Hafsteinsdóttir og Bjarni D. Sigurðsson (ritar). Halldór Þorgeirsson, boðaði forföll

Dagskrá

1. Nýr fulltrúi nemanda 13:30-13:35

Hera Sól boðin velkomin.

2. Stefnumótun Lbhí 13:35-14:00

Starfsmannafundur um stefnumótun gengu mjög vel. Stefnt er að því að hafa lokakynningu með starfsmönnum föstudaginn 5. apríl. Hafa síðan kynningu með nemendum 10. apríl á Hvanneyri. Næsta skref er að klára textann og senda út til lokayfirlestrar innanhúss. Stefnt á lokafund með hagaðilum í maí/júní.

3. Fjármál / eignir í umsjón skólans 14:00-14:20

Rektor og HP áttu góðan fund með Ríkiseignum. Næsta skref að heyra í Skógræktinni og Landgræðslunni og tala við lykilmál frá fyrirrennurum Lbhí um eignir skólans.

4. Rannsóknamissari til afgreiðslu 14:20-14:30

Háskólaráð samþykkti tillögu rannsóknamissarisnefndar án breytinga.

5. Valnefnd að störfum 14:30-14:40

Auglýst var eftir þremur lektorum við Lbhí. Þrjú umsækjendur metnir hæfir í lektorstöðu í jarðrækt og fjórir í umhverfivísindum. Engin umsókn barst í búfjárrækt. Valnefnd er að taka viðtöl við umsækjendur.

6. Heimsókn frá Mongólíu – uppfærður samstarfssamningur 14:40-14:55

Erum með samning við landbúnaðarháskóla í Mongólíu sem var að skipta um nafn. Nú er verið að endurnýja samstarfssamninginn og stefnt á aukið samstarf á næstu misserum. Til dæmis heldur Lbhí námskeið þar í samstarfi við Landgræðsluskólann í vor.

7. Starfsreglur Háskólaráðs 14:55-15:15

Nefndarmenn sammála um að ljúka vinnunni við starfsreglurnar samhliða vinnu við stefnumótun og vinnu framkvæmdarstjórnar að sínum starfsreglum. Áætluð að ljúka þessu í maí.

8. Önnur mál og næsti fundur 15:15-15:30

- Háskólaráði boðið á árshátíð Lbhí 5.-6. apríl
- Það þarf að endurnýja stjórn Nemendagarða á Hvanneyri og vinna í því að afla meiri tekna inn í félagið yfir sumartímam þegar húsnæðið stendur laust að hluta til.



- Mjög mikil og jákvæð fjölmiðlaumfjöllun hefur verið um skólann undanfarið. Kynningarfulltrúinn staðið sig vel, nemendur og stafs menn hafa einnig lagt sig fram og eiga hrós skilið.
- BDS kynnti EnChIL Nordic Master sem er braut sem verður væntanlega lögð fyrir háskólaráð með haustinu.
- Sveitarfélögin í nágrenni skólans hafa óskað eftir auknu samstarfi við skólann.
- Sérfræðingur hjá NiBIO í Noregi er að sækja um doktorsnám hjá okkur í sambandi við matvælaframleiðslu í borgum.

Fundargerð var lesin og samþykkt af öllum háskólaráðsfulltrúum.

Næsti fundur verður á Reykjum 25. apríl (sumardaginn fyrsta). Fundurinn hefst kl 12:00 með hádegisverði. Rektor mun senda upplýsingar um stað.

